

VARNARAÐILI HAFNAÐI AÐ HLÍTA ÚRSKURÐI

Mál nr. 476/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Slysáttrygging ökumanns og eiganda.

Skráningarnúmer ökutækis (A)

Bótaréttur. Upplýsingagjöf váttryggðs. Sönnun.**Gögn.**

1. Málskot móttakið 16. desember 2025, ásamt fylgiskjöllum.
2. Athugasemdir V, dags. 25. febrúar 2026.
3. Viðbótarathugasemdir M, dags. 26. febrúar 2026.
4. Viðbótarathugasemdir V, dags. 9. mars 2026.

Málsatvik.

Fram kemur í málskoti að hinn 5. júlí 2024 varð árekstur milli bifreiðanna A og B. Við áreksturinn hafi M sem var eigandi A og farþegi í þeirri bifreið, slasast. Gerir M kröfu um að fá tjón sitt bætt úr slysáttryggingu ökumanns og eiganda hjá V.

Í athugasemdum V kemur m.a. fram að lögreglan hafi strax á tjónsdegi fengið tilkynningu um möguleg váttryggingarsvik og sé málið til sérstakrar skoðunar og rannsóknar hvað það varði. Hafi aðilar málsins verið boðaðir í skýrslutökur eins og fram komi í málskotinu, enda komi fram í frumskýrslu lögreglunnar að tilkynning hafi borist um fyrirhugaða sviðsetningu á umferðarslysi. Kemur jafnframt fram að V hafi ekki móttakið lokaskýrslu rannsóknarinnar og því verði málið áfram í biðstöðu. Þá bendir V á að í 27. gr., 47. gr., 89. gr. og 120. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga nr. 30/2004 komi fram að ef váttryggður hefur af ásetningi valdið því að váttryggingaratburður varð beri félagið ekki ábyrgð og ef váttryggður veitir af ásetningi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bætur sem hann á ekki rétt til falli niður allur mögulegur réttur hans vegna atburðarins. Tekur V fram að þetta sé allt í sérstakri skoðun og því verði ekki að svo stöddu tekin afstaða til mögulegrar bótaábyrgðar og/eða sakarskiptingar.

Í viðbótarathugasemdum tekur M fram að krafan sé byggð á slysáttryggingu ökumanns og eiganda. Þá segir einnig að M hafi ekki verið boðaður í skýrslutöku hjá lögreglu og engin gögn bendi til né staðfesti, að málið sé til rannsóknar hjá lögreglu. Því geti V ekki frestað ákvörðunartöku ótímabundið varðandi bótaábyrgð og/eða sakarskiptingu vegna rannsóknar sem ekki sé í gangi. Þá byggir M á því að V hafi ekki sinnt tilkynningarskyldu samkvæmt 1. mgr. 94. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga án ástæðulauss dráttar. Samkvæmt 2. mgr. 94. gr. sömu laga glati V rétti til þess að bera fyrir atvik sé tilkynningarskylda vanrækt. Krefst M þess að viðurkennd verði bótaskylda V úr slysáttryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A, sbr. 2. mgr. 9. gr. laga nr. 30/2019.

Í viðbótarathugasemdum V er á því byggt að ljóst sé að um ranga upplýsingagjöf M sé að ræða sem leiði til algjörs brottfalls mögulegrar ábyrgðar, sbr. 47. gr. og 120 gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Vísar V í því sambandi til afar misvísandi framburðar M á öllum stigum málsins um aðdraganda atviksins. Þá byggir V jafnframt á að grunur sé fyrir hendi að um ásetning hafi verðið að ræða.

Álit.

Í málinu krefst M viðurkenningar á bótarétti sínum úr slysáttryggingu ökumanns og eiganda vegna tjóns sem hann telur sig hafa orðið fyrir í árekstri milli A og B 5. júlí 2024. Reyndar er málatilbúnaður M nokkuð ruglingslegur þar sem ýmist er krafist viðurkenningar á bótarétti úr ábyrgðartryggingu A eða slysáttryggingu ökumanns og eiganda. Í málinu liggja hins vegar fyrir gögn sem benda til þess að M hafi orðið fyrir líkamstjóni af völdum árekstursins. V byggir hins vegar málatilbúnað sinn m.a. á því að ekki sé tímabært að taka afstöðu til kröfu M þar sem lokaskýrsla rannsóknar á árekstrinum hafi ekki borist auk þess sem grunur leiki á um að váttryggingaratburðinum hafi verið valdið af ásetningi. Þá byggir V einnig á að M hafi veitt rangar upplýsingar nokkuð sem eigi að leiða til algjörs brottfalls bótaréttar. V hefur hins vegar ekki langt fram nein gögn framangreindu til stuðnings, þar með talið gögn þess efnis að málið sé til rannsóknar hjá lögreglu. Eins og málið liggur fyrir er það því niðurstaða

nefndarinnar að bótaskylda úr slysaftryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A vegna líkamstjóns M sé fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum vegna líkamstjóns úr slysaftryggingu ökumanns og eiganda bifreiðarinnar A hjá V.

Reykjavík, 21. apríl 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Lilja Ragnarsdóttir